



1. tölublað 27. árgangur 2021

SOS BARNAPORPIN

Öll börn vilja gott heimili

Sjáðu hvernig SOS-börn Íslendinga
dreifast um heiminn

Fékk lyfjaseið hjá töfralækni
og missti fótinn

Læsi hjá SOS-börnum
langt yfir meðaltali

**Guðrún kjörin
Húsvíkingur ársins**

„Ég er hræð og þakklát“

Prjónaði 57 lopapeysur fyrir SOS
barnaþorp og bætti við 60 pörum
af lopavettlingum



Ófullkomið fólk og mannúðin

Það er ekki margt fallegra í þessum heimi en að gefa umkomulausu barni nýtt tækifæri. Færa því nýja fjölskyldu, öryggi og hlýju. Þú ert í þeim hópi. Sum ykkar hafa styrkt samtökin í áratugi. Óháð því hversu mikið og hversu lengi þú hefur stutt SOS, vil ég færa þér þakkir. Stuðningur þinn þýðir að þú býir yfir mannúð, viljir vel og hafir ákveðið að treysta SOS Barnaþorpunum fyrir þínu framlagi.

Vandað regluverk um eftirlit

Þú mátt – og raunar ber þér að – gera kröfur til okkar. Þitt framlag ber okkur að nýta í samræmi við stefnu okkar og skuldbindingar, að barn eða börn fái betra líf. Ég get með mikilli vissu sagt að þitt framlag hefur skilað sér og að barn eða börn hafi notið góðs af. Ég vil þó ekki draga upp þá glansmynd að hvergi sé brotalóm í okkar starfi. Hjá SOS starfa um 38 þúsund manns um allan heim og held ég að við getum öll verið sammála um að hvergi finnist fjölmennur vinnustaður sem eingöngu hefur á að skipa fullkomnu fólki. Sem betur fer hafa samtökin þó vandað regluverk sem segir til um hvernig taka eigi á því ef nokkur grunur vaknar um eitthvað misjafnt, hvort sem það eigi við um fjármál eða vernd og öryggi barna.

Undir minni forystu, og forvera míns, og með stuðningi stjórnar SOS Barnaþorpanna á Íslandi, hafa íslensku samtökin lagt mikla áherslu á góða starfshætti, gegnsæi, heiðarleika og ráðdeild í alþjóðlegu starfi samtakanna. Við spyrjum systursamtök okkar krefjandi spurninga. Við ætlumst til þess að yfirstjórn okkar í aðalstöðvum alþjóðasamtakanna virði gildi samtakanna og alþjóðlega gæðastaðla.

Í þessu eftirlits- og vöktunarhlutverki höfum við vissulega komist að því að ekki er alltaf allt eins og það á að vera. Þá látum við heyra í okkur. Stundum hærra en sá sem ávarpaður er myndi kjósa. Slíkar umkvartanir og ábendingar falla þó sem betur fer oftast í góðan jarðveg og gripið er til viðeigandi aðgerða.

Gerum kröfu um gegnsæi og heiðarleika

Ég fullvissa þig, lesandi og styrktaraðili góður, að við hjá SOS Barnaþorpunum á Íslandi munum halda áfram að gera þær kröfur til samstarfsaðila okkar um allan heim, að þeir beri ávallt hag barnanna fyrir brjosti, sýni ráðdeild, heiðarleika og heilindi og sjái til þess að fjármunum styrktaraðila sé vel og rétt varið. Ef við verðum vör við eitthvað annað munum við láta heyra í okkur og krefjast úrbóta.

Sem betur fer er það svo að mikill fjöldi fyrrverandi skjólstaðinga SOS Barnaþorpanna hefur komist á legg, þeir orðið virkir þjóðfélagsþegnar og lagt sitt af mörkum til að bæta sitt samfélag. Margir þessara fyrrum skjólstaðinga voru áður bjargarlaus börn í vonlausum aðstæðum. Þökk sé þér og öðrum styrktaraðilum, þá tókst að bjarga þeim.

Saman gerum við heiminn betri.

Ragnar Schram, framkvæmdastjóri SOS Barnaþorpa á Íslandi.

»
Sem betur fer hafa samtökin þó vandað regluverk sem segir til um hvernig taka eigi á því ef nokkur grunur vaknar um eitthvað misjafnt.“

Minningarkort SOS Barnaþorpanna

Hægt er að heiðra minningu látins vinar eða ættingja á fallegan hátt með því að senda peningagjöf til styrktar SOS Barnaþorpunum. Bæði er hægt að panta minningarkortin í gegnum síma 564-2910 eða á heimasíðu okkar sos.is. Minningarkortið er sent á heimilisfang ættingja/vina hins látna og gjöfin verður skráð í nafni hans. Allar minningargjafir renna óskertar til uppbyggingarstarfs SOS Barnaþorpanna.



Fylltu út og pantaðu minningarkort á sos.is



EFNISYFIRLIT

4 SOS-FRÉTTIR

Fréttir af starfsemi SOS

6 HVAR BÚA SOS-BÖRN ÍSLENDINGA?

Íslandingar styrkja SOS-börn í 104 löndum

8 KONAN Á BAKVIÐ LOPAPEYSURNAR

Guðrún kjörin manneskja ársins fyrir einstakt framtak í þágu SOS

10 88,2% SEGJA LÍFSGÆÐI SÍN BETRI

Fjölskyldueflingin okkar í Eþíópíu

11 MISSTI FÓTINN VEGNA TÖFRALÆKNIS

Átakanleg saga föður í fjölskyldueflingu

12 HVERNIG VIÐ HJÁLPUM

SOS Barnaþorpinn eru meira en bara fjölskylda og heimili

14 93-98% LÆSI HJÁ BÖRNUM Í SOS

Nær öll börn og ungmenni hjá SOS eru læs og skrifandi

15 SKÓLASÍÐAN

Barn frá Eþíópíu á hverju frístundaheimili



4



8



11




GJAFABRÉF

Ertu að leita að gjöf handa einhverjum sem vantar ekkert?

Gjafabréf SOS eru tilvalin í pakkann og nauðstödd börn njóta góðs af. Andvirði gjafabréfsins er framlag til SOS Barnaþorpanna í nafni þess sem fær gjafabréfið.

Börn fá öryggi og hlýju í þínu nafni



Það er einfalt að panta gjafabréfið á sos.is



Fylgstu með okkur á samfélagsmiðlum.



Útgefandi

SOS Barnaþorpin á Íslandi

Ritstjóri

Hans Steinar Bjarnason

Ábyrgðarmaður

Ragnar Schram

Prófarkalestur

Ragnar Ingi Aðalsteinsson

Forsíðumynd

Halþór Hreiðarsson

Baksíðumynd

Alejandra Kaiser, SOS í Perú

Umbrot

Halldór Elías Guðmundsson

Prentun

Prentmet Oddi

Fréttablað SOS

Barnaþorpanna kemur út þrisvar á ári. Það er sent til styrktaraðila og er jafnframt liður í fjáröflun.

SOS BARNAPORPIN

Hamraborg 1
200 Kópavogi
Sími 564 2910
sos@sos.is
www.sos.is



SOS Barnaþorpinum á Íslandi barst á dögunum 53 þúsund króna framlag til verkefnis gegn kynferðislegri misnotkun á börnum í Tógó. Framlag þetta sker sig nokkuð úr frá hefðbundnum framlögum til SOS að því leyttinu til að hugmyndin á bak við það kemur frá lögreglunni.

Forsagan er sú að maður setti sig í samband við stúlku á efsta stigi í ónefndum grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu á netinu og sannfærði hana um að senda honum myndir af sér gegn greiðslu.

Málið var tilkynnt til lögreglunnar og vildi móðir stúlkunnar skila peningunum sem stúlkun fékk fyrir myndirnar.

Lögreglan lagði til við móðurina að hún gæfi þá til góðgerðarmála og fannst henni verkefni SOS í Tógó vera sérstaklega viðeigandi í tengslum við raunir dóttur sinnar. Þar hitti móðirin svo sannarlega naglann á höfuðið en nánar má lesa um Tógó-verkefni SOS á Íslandi í næstu frétt.

Við hjá SOS virðum ósk móðurinnar um nafnleynd en henni fannst þó mikilvægt að segja frá þessari erfiðu reynslu og vekja athygli á þessari ógn sem svo sannarlega er til staðar hér á Íslandi.



Börnum forðað frá kynferðisbrotamönnum í Tógó Foreldrarnir þekkja ekki hætturnar

Undraverður árangur hefur náðst í átaki gegn kynferðislegri misneytingu á börnum í Tógó, verkefni sem fjármagnað er af SOS á Íslandi. Verkefnið hófst í mars 2020 og þrátt fyrir hömlur af völdum Covid-19 er árangurinn framar vonum þegar svo skammt er liðið á verkefnistímann. Eins og við greindum frá í síðasta tölublaði hafði fjölmörgum þolendum kynferðisofbeldis á svæðinu verið hjálpað og nú hafa alls þrjár nauðgarar verið fangelsaðir samkvæmt nýjustu úttektarskýrslu frá stjórnendum verkefnisins.

Komið hefur í ljós að foreldrar eru illa upplýstir um réttindi barna sinna og gera sér t.a.m. ekki grein fyrir því þegar brotið hefur verið á börnunum. Þar af leiðandi er mikill skortur á tilkynningum til lögreglu um mistnotkun. Einn af mikilvægust þáttum í verkefninu er vitundarvakning meðal almennings um þær alvarlegu afleiðingar sem kynferðis-

brot hafa á þolendur. Framleiddir voru 6 fræðsluþættir fyrir útvarp sem hafa náð til margra um hætturnar og þá aðstoð sem er til boða fyrir unga þolendur kynferðisofbeldis. Þessir þættir fengu mikla hlustun og hafa laðað fram tilkynningar um mörg kynferðisbrot.

Ekki síður mikilvægur þáttur er að veita þolendum sálfræðisþjónustu og hjálpa þeim með félagslega þætti við að fara aftur út í samfélagið. Í lok desember hafði 14 stúlkum á aldrinum 15-20 ára, sem höfðu hrökklast úr skóla vegna misnotkunar, verið hjálpað á þann hátt. Sem fyrr segir er skammt liðið af verkefninu sem er til þriggja ára en byrjunin lofar góðu og við hlökkum til að segja ykkur frekari fréttir af því.

Verkefnið er styrkt af utanríkisráðuneytinu.





Ragnar Schram framkvæmdastjóri SOS tók við framlagi Rúriks.

Rúrik afhenti SOS 1,7 milljónir króna

Rúrik Gíslason, velgjörðasendiherra SOS Barnaþorpanna á Íslandi, afhenti samtökunum styrk að upphæð 1,7 milljónir króna í janúar. Fjárhæðin er ágóði af sölu á SOS góðgerðarbolnum sem Rúrik hannaði í samstarfi við 66°Norður og var hann til sölu í desember. Þetta er annað árið í röð sem Rúrik hannar góðgerðarbol fyrir SOS og seldist bolurinn upp í bæði skiptin.

Ráðlagt að senda ekki bréf eða pakka til barnanna

Skrifstofu SOS Barnaþorpanna á Íslandi hefur borist fjöldi fyrirspurna frá SOS-foreldrum um hvort óhætt sé að senda bréf eða pakka til styrktarbarna sinna.

SOS ráðleggur eindregið frá því að senda slíkar sendingar því ekki er hægt að tryggja að þær komist á leiðarenda um þessar mundir. Samgöngutakmarkanir víða um heim vegna heimsfaraldursins koma m.a. niður á pósthjónustu og því miður eru mörg dæmi um að bréf og pakkar skili sér ekki til barnaþorpanna eða þá að mjög miklar tafir verði á póstsendingum.

Kjósi styrktarforeldrar engu að síður að taka áhættuna mælumst við með því að þeir setji ekki mikil verðmæti í póstsendinguna.

Fjögurra milljóna króna erfðagjöf til SOS

SOS Barnaþorpunum á Íslandi barst á dögnum rausnarleg erfðagjöf frá Svanhildi Jónsdóttur upp á tæpar fjórar milljónir króna. Svanhildur studdi allt sitt líf þá sem þurftu á stuðningi að halda og var hún velgjörðarmaður fjölmargra hjálparsamtaka og líknarféлага. Hún gerði erfðaskrá og arfleiddi mörg hjálparsamtök að verulegum hluta sinna eigna.



Svanhildur var ógift og barnlaus en hún var mjög barngóð og fengu systrabörn hennar og afkomendur þeirra að njóta þess og átti hún gott og náð samband við þau. Svanhildur fæddist í Sandgerði 8. nóvember 1942 og bjó þar lengst af. Árið 2018 greindist hún með alzheimer og lést þann 4. ágúst 2020.

Starfsfólk SOS Barnaþorpanna á Íslandi heiðrar minningu Svanhildar og vottar aðstandendum innilega samúð. Erfðagjöf Svanhildar verður ráðstafað að ósk hennar, í þágu bágstaddra barna.

Erfðagjafir hafa gert SOS Barnaþorpunum kleift að hjálpa mun fleiri munaðarlausum og yfirgefnum börnum en ella. Sá sem gefur erfðagjöf tekur sjálfur ákvörðun um ráðstöfun eigna sinna í stað þess að eftirláta öðrum þá ákvörðun.

Sjáðu til þess að óskum þínum verði framfylgt

Haltu áfram að gefa von

Fjöldi umkomulausra barna hefur fengið nýtt líf og nýja von vegna erfðagjafa frá stuðningsaðilum SOS Barnaþorpanna. Hafðu samband við okkur í síma 5642910 til að fá sendan bæklinginn „Eftir þinn dag“. Einnig er hægt að sjá allar upplýsingar sem viðkoma erfðagjöfum til SOS á vefslóðinni www.erfdagjof.is.



www.erfdagjof.is

Hvar eru styrktarbörn Íslendinga?

Langflest styrktarbörn Íslendinga eru á Indlandi, alls 752, enda eru barnþorpun flest þar. Á Indlandi búa alls 6.642 börn og ungmenni í 33 barnþorpum og 60 ungmennaheimilum þeim tengdum.

1	Indland	752
2	Nepal	288
3	Malí.....	278
4	Kongó.....	272
5	Eþíópía	259
6	Sambía	245
7	Bólvía.....	243
8	Kenía	230
9	Búrúndí.....	197
10	Senegal	183
11	Mósambík	180
12	Tansanía	177
13	Simbabve	170
14	Úganda.....	168
15	Gana	155
16	Fílab.ströndin....	153
17	Bangladess	140
18	Búrk. Fasó.....	134
19	Líbería	134
20	Nígería.....	134

21	Malaví	126
22	Haítí.....	124
23	Sýrland.....	120
24	Kambódía	116
25	Filipseyjar..	114
26	Gambía	108
27	G.-Bissaú.....	107
28	Perú	105
29	Srí Lanka	104
30	Hvíta Rússl.	102
31	Jórdanía.....	94
32	Bosnía H.....	91
33	Armenía	88
34	Víetnam.....	83
35	Kína.....	81
36	Paragvæ	79

37	Kirgistan	74
38	Sómálía.....	74
39	Indónesía.....	70
40	Tæland.....	69
41	Sómálíland	68
42	Laos	67
43	Rússland.....	65
44	Súdan.....	65
45	Chile.....	64
46	Benín.....	60
47	Botsvana	58
48	Ekvador	58
49	Ungverjaland..	57
50	Madagaskar ..	57
51	Gvatemala	54
52	Tógó.....	54



Tæplega 9.000 börn í 104 löndum



53 Hondúras..... 53
 54 Miðb-Gínea.... 49
 55 Síerra Leóne.. 49
 56 Kosta Ríka..... 47
 57 Gínea..... 47
 58 El Salvador 46
 59 N-Makedónía 46
 60 Angóla..... 44

61 Dóm. lýðv..... 44
 62 Úsbekistan 44
 63 Líbanon..... 43
 64 Úkraína 43
 65 Venesúela 43
 66 Albanía..... 42
 67 Georgía 42
 68 Króatía..... 36
 69 Djibútí 36
 70 Mið-Afr.lýðv. .. 35
 71 Mexíkó 35
 72 Rúanda 35

73 Tjad 34
 74 Grænh.eyjar .. 33
 75 Kasakstan 32
 76 Níger 32
 77 Serbia..... 32
 78 Kamerún..... 30
 79 Marokkó 30
 80 Esvatíní 27
 81 Rúmenía 26
 82 Suður Afríka .. 26
 83 Túnis 26
 84 Jamaíka 24
 85 Palestína..... 24
 86 Úrúgvæ 24
 87 Panama..... 23
 88 Lettland 22

89 Lesótó..... 21
 90 Níkaragva 21
 91 Kólumbía 20
 92 Namibía 20
 93 Kýpur 19
 94 Argentína 16
 95 Grikkland 12
 96 Aserbaísjan ... 11
 97 Eistland..... 11
 98 Ísrael 11
 99 Suður Súdan . 11
 100 Mongólía..... 10
 101 Brasilía..... 9
 102 Litháen..... 9
 103 Búlgaría 7
 104 Kósóvó..... 3



Að fá hugmyndina er eitt en að klára hana er afrek

Guðrún prjónaði 57 lopapeysur fyrir heilt barnaþorp og hefur nú bætt við 60 pörum af lopavettlingum.

Viðtal: Hans Steinar Bjarnason. Myndir frá Húsavík: Halþór Hreiðarsson, 640.is.

Guðrún Kristinsdóttir á Húsavík er hrærð yfir viðbrögðum sem hún fékk frá fólki um allt land eftir að hún prjónaði 57 lopapeysur fyrir SOS barnaþorp í Rúmeníu. Hún var í kjölfarið kjörin Húsvíkingur/Pingeyingur ársins.

Guðrún setti sig í samband við skrifstofu SOS Barnaþorpanna á Íslandi snemma árs 2019 og viðraði þá hugmynd að prjóna lopapeysur á öll börnin og starfsfólk í barnaþorpinu í Hemeius. Þegar fyrir lágu fjöldi og stærðir allra í barnaþorpinu hófst Guðrún handa við prjónaskapinn. Peysurnar bárust barnaþorpinu skömmu fyrir jól 2019 og sló þessa hlýlega jólagjöf frá Íslandi rækilega í gegn.



Myndir af styrktarbörnum Guðrúnar og Ingólfs prýða myndavegg fjölskyldunnar.

Uppátækið vakti verðskuldaða athygli hér á landi eftir umfjöllun í sjónvarpsfréttum RÚV. „Viðbrögðin sem ég fékk við þessu uppátæki mínu voru ótrúleg og frá fólki um allt land. Í janúar var ég valin Húsvíkingur/Pingeyingur ársins 2020 sem var mikill heiður og þar hafði lopapeysuverkefnið mikil áhrif. Mér hafa borist margar fallegar og góðar kveðjur eftir þetta allt saman og fyrir það er ég mjög hrærð og þakklát. Það gefur okkur mikið að geta veitt verkefnum SOS Barnaþorpanna stuðning með þessum hætti,“ segir Guðrún.

Sagt var frá kjörinu á manneskju ársins á netfréttamiðlinum 640.is á Húsavík. Þar mátti m.a. sjá eftirfarandi umsagnir um Guðrúnu sem fylgdu atkvæðunum sem hún fékk í kjörinu.

„Það að fá hugmyndina er eitt, en að klára hana alla leið er hreint afrek! Þrefalt húrra fyrir Guðrúnu.“

Guðrún Kristins fær mitt atkvæði - Dásamleg kona og frábær kennari.

Guðrún hefur sett svip sinn á góða kennslu við Borgarhólsskóla undanfarin ár og verið frábær í starfi Völsungs. Frábær formaður og frábær kennari.



Ákveðin í að styrkja barn þegar þeirra börn flyttu að heiman

Guðrún er fædd og uppalin í Hafnarfirði en flutti til Húsavíkur árið 1986 með eiginmanni sínum Ingólfi Freyssyni. Þau eru bæði íþróttakennarar og ásamt því að kenna hafa þau bæði starfað mikið innan Íþróttafélagsins Völsungs, bæði við þjálfun og félagsstörf. Þau eiga þrjú börn og fimm barnabörn auk þess að hafa styrkt tvö börn í SOS barnaþorpum sem eru þeim afar kær. „Við vorum alltaf ákveðin í því að þegar yngsta barnið flytti að heiman myndum við taka að okkur eitt barn og styrkja það til betra lífs. Þegar við stóðum svo frammi fyrir þessari ákvörðun fórum við að lesa okkur til um SOS Barnaþorpin og skoða hvernig þau vinna að því að hjálpa börnum og fjölskyldum þeirra.“



Ljósmynd: Jonat @Ghileanu

Þessi hlýlega jólagjöf frá Íslandi sló rækilega í gegn í Rúmeníu.

Mitt markmið með peysunum var að gera eitt stórt og gott góðverk og vekja fólk í leiðinni til umhugsunar... Von mín er að fleiri fjölskyldur styrki börn hjá SOS Barnaþorpunum..

Þau sóttu um að styrkja barn og var þeim úthlutað ungru stúlku í Rúmeníu, Cosminu, sem var fædd árið 2002. „Á þeim tíma var ég einmitt að kenna krökkum, fæddum á því ári, sem var mjög skemmtilegt og ég leyfði þeim að fylgjast aðeins með. Tvisvar á ári höfum við fengið bréf frá þorpinu og fréttir af Cosminu, hvernig henni gengi í skólanum og því sem hún tók sér fyrir hendur. Þessar upplýsingar skipta miklu máli því þarna nær maður tengingu og áttar sig á því hvernig lífið gengur í þorpinu.“

Vildi vekja athygli á SOS með því að þrjóna

Það var einmitt í einu bréfanna um Cosminu fyrir jólin 2018 sem fram kom að mikill kuldi væri í þorpinu og þá kviknaði hugmyndin um að þrjóna lopapeysurnar. „Fyrst hugsaði ég um að þrjóna bara á Cosminu en þegar ég hugsaði meira um það fannst mér að það væri ósanngjarnt gagnvart hinum börnunum,“ segir Guðrún sem ákvað því að þrjóna lopapeysur á öll börnin og starfsfólkið líka. En hún lét ekki staðar numið þar. Hún átti afgangslöpa eftir peysurnar og þrjónaði 60 pör af lopavettlingum sem verða send til barnaþorpsins í Rúmeníu á næstu dögum.

„Ég þrjónaði þessa vettlinga á árinu 2020 milli þess sem ég var að þrjóna fyrir börnin, tengdabörnin og barnabörnin. Ég hef mikla ánægju af því að þrjóna eða gera eitthvað í

höndunum. Mitt markmið með peysunum var að gera eitt stórt og gott góðverk og vekja fólk í leiðinni til umhugsunar um að margt smátt gerir eitt stórt. Von mín er að fleiri fjölskyldur styrki börn hjá SOS Barnaþorpunum.“

Styrkja nú annað barn eftir að Cosmina flutti

Cosmina varð 19 ára 12. febrúar sl. og hefur flutt úr þorpinu og er í vinnu. Hún leigir íbúð með aðstoð og undir eftirliti barnaþorpsins sem fylgir henni úr hreiðrinu. „Cosmina er ákveðin og dugleg stelpa sem vill standa á eigin fótum og það er von okkar að hún eigi eftir að lifa gæfusömu lífi. Það verður mjög skritin tilfinning að fá ekki lengur fréttir af henni en myndin af henni verður áfram á fjölskylduveggnum.“

Það verður mjög skritin tilfinning að fá ekki lengur fréttir af Cosminu en myndin af henni verður áfram á fjölskylduveggnum.

Guðrún og Ingólfur ákváðu að halda áfram að styrkja barn og eiga þau núna stúlku sem er fædd 2017 sem heitir Zlata og býr í þorpi við Minsk í Hvíta-Rússlandi. „Þar er hún ásamt fjórum systkinum. Myndin af henni er komin upp á vegg við hliðina á Cosminu, lítil og sæt stúlka sem verður gaman að fá að fylgjast með,“ segir Guðrún að lokum.



Vertu SOS-foreldri eins og Guðrún. Skráðu þig á sos.is



88,2% segja lífsgæði sín betri

Nú er þremur árum lokið af fjórum í verkefni okkar á Eteya svæðinu í Eþíópíu sem fjármagnað er af SOS á Íslandi. Markmið fjölskyldueflingar SOS er að koma í veg fyrir að börn missi foreldraumsjón með því að efla foreldrana svo þeir geti hugsað um börnin sín.

Á Eteya svæðinu hjálpum við 560 foreldrum og 1562 börnum þeirra að komast upp fyrir fátæktarmörk og standa á eigin fótum. Við útvegum fólkinu það sem það þarf til að geta aflað sér tekna. Má þar m.a. nefna hráefni, tæki og tól til ýmisskonar framleiðslu, nautgripi til ræktunar, skólagögn, greiðslu skólagjalda, foreldrafærðslu og heilbrigðisþjónustu.

Samkvæmt nýrri matsskýrslu er sannarlega ástæða til að gleðjast yfir árangri en á sumum sviðum hefur hann ekki verið eftir væntingum. Könnun sem gerð var meðal skjólstaðinga okkar leiðir þó í ljós að 88,2% foreldrana segja lífsgæði sín betri eftir að verkefnið hófst árið 2018. Hins vegar gengur ekki nógu hratt fyrir sig að hjálpa fjölskyldunum að verða sjálfbærar og verður áhersla nú lögð á að bæta úr því.

71,1% búa við betri fjárhag

53% foreldra geta mætt grunnþörfum barna sinna

85,3% barna sóttu grunnskóla áður en verkefnið hófst

98,2% barna sóttu grunnskóla fyrir Covid-19

75% barna hafa verið skráð aftur í skóla eftir lokanir

96,7% barna ná viðunandi námsárangri

35,3% fullorðinna geta lesið og skrifað

Meðallaun fimm þúsund krónur á mánuði

Covid-19 faraldurinn hefur sett strik í reikninginn. Aðeins 70% barnanna hafa verið skráð fyrir endurkomu þegar skólahald hefst á ný. Þá hafa áætlanir um aðgengi að neysluvatni ekki gengið eftir og margir foreldrar ná ekki

endum saman milli mánaðarmóta. Meðallaun voru tæplega fimm þúsund krónur á mánuði en meðalútgjöld 66,7% heimila í verkefninu eru 6.300 krónur á mánuði.

Börnin eiga leið út úr vítahring

Þrátt fyrir þetta bakslag er útlit fyrir að það náist að útskrifa stóran hluta skjólstaðinga okkar fyrir lok árs 2021. Þessar barnafjölskyldur hafa komist frá þeim slæma stað að eiga ekki fyrir mat eða skólagöngu barnanna. Nú eru foreldrarinnir farnir að skapa sér tekjur, læra að spara og borga til baka af vaxtalausum lánum sem þeim bjóðast í gegnum fjölskyldueflinguna. Þetta fólk getur m.ö.o. lifað mannsæmandi lífi og börnin fá menntun. Börnin eiga því möguleika á að brjótast út úr hring fátæktarinnar þegar fram líða stundir, nokkuð sem hefur verið foreldrum þeirra og forfeðrum ómögulegt.

Verkefnið hefur jákvæð áhrif á allt svæðið í Eteya og nágrenni því fræðsla og framkvæmdaglegi smitast út í samfélagið. Reiknað hefur verið út að félagsleg arðsemi sambærilegra verkefna (Social return of investment) í Eþíópíu er 66-föld.

Verkefni okkar er styrkt af utanríkisráðuneytinu.



Skjólstaðingar fjölskyldueflingar í Eteya.



VERTU SOS-FJÖLSKYLDUVINUR - SKRÁNING Á SOS.IS



Missti fótinn vegna lyfjaseiðs töfralæknis

Viðtal og myndir: Hans Steinar Bjarnason.

Ahimed Bobi, 47 ára tveggja barna heimilisfaðir, hefur ekki alltaf verið til staðar fyrir börnin sín og eiginkonu. Hann glímdi við þunglyndi vegna fötlunar, ánetjaðist fíkniefnum og átti það til að láta sig hverfa í margar vikur. Í viðtali við fréttablað SOS á Íslandi segir Ahimed frá því þegar hann missti annan fótinn á barnsaldri eftir að töfralæknir sprautaði hann með eitruðum lyfjaseið.

Taldi sig gagnslausan vegna fötlunar

Ahimed, eiginkona hans Fatuma, 28 ára, og tvö börn, búa í Teromoye, strjálbýlu bæjarfélagi þar sem SOS á Íslandi starfrækir fjölskyldueflingu í Eþíópíu. Fjölskyldan var við það að leysast upp þegar SOS kom til sögunnar. „Við lifðum í sárafátækt, áttum ekki fyrir nauðpurftum og gátum ekki sent börnin í skóla. Þess vegna sótti ég um að komast í fjölskyldueflingu SOS,“ sagði Ahimed sem áður átti til að skilja alla ábyrgð eftir á herðum eiginkonu sinnar.

Ahimed lenti í afdrifaríkri lífsreynslu þegar hann var mjög ungur að árum. „Ég veit ekki nákvæmlega hvernig ég missti fótinn. Ég veit bara að ég veiktist og töfralæknir blandaði eitraðan lyfjaseið sem hann sprautaði í mig. Þetta var auðvitað ekki alvöru læknir og alls ekki viðurkennt lyf sem ég fékk. Þetta olli sýkingu í fætinum og að lokum þurfti að skera hann af.“



Ræktun nautgripa er stór þáttur í tekjuöflun fjölskyldu Ahimeds.

Lét sig hverfa og fór í dópið

Eftir að Ahimed og Fatuma stofnuðu fjölskyldu jókst ábyrgðin á heimilisföðurinn sem þoldi álagið illa. Hann átti erfitt með að sætta sig við fötlunina og hafði litla trú á sjálfum sér.

„Ég var fullur sjálfsvorkunar vegna fötlunar minnar. Mér fannst ég ekkert hafa fram að færa fyrir fjölskylduna, verandi einfættur. Ég átti það til að flýja og skilja fjölskylduna eftir. Konan mín var þá ein eftir með börnin auk þess sem hún vann til að sjá fyrir þeim. Hún tók að sér hin ýmsu störf eins og að safna eldiviði til að selja. Ég átti það til að láta mig hverfa, oft lengur en í einn mánuð. Börnin mín sáu mig ekkert á þeim tíma. Ég dvaldi þá í bæ herna skammt hjá og varð háður fíkniefninu khat. Ég hugsaði ekki skýrt og skildi alla ábyrgð eftir á konunni minni. Mér leið illa að vera herna því mér fannst ég ekki geta gert neitt. Þannig að í stað þess að vorkenna sjálfum mér og gráta fyrir framan börnin, þá valdi ég að gera það annarsstaðar.“

Purfti bara aðstoð

Það er ljóst að alger hugarfarsbreyting hefur orðið hjá Ahimed. Hann þurfti eftir allt saman bara örlitla aðstoð við að koma sér á réttan kjöl. „Núna þegar SOS hefur hjálpað okkur að standa á eigin fótum með nautgripum og landrækt þá gengur allt betur og mér líður mikið betur. Við höfum náð að eignast dálitinn sjóð og við getum séð fyrir okkur. Ég er hættur að nota fíkniefni og hér er mitt hlutverk. Hér er nóg að gera og hér vil ég vera. Ég er betri maður í dag.“



Sjáðu myndband með viðtali við Ahimed á [sos.is](https://www.sos.is).

Hvernig við hjálpum

SOS Barnaþorpin eru meira en bara fjölskylda og heimili

SOS Barnaþorpin hafa á 72 árum byggt upp alla helstu innviði til að tryggja velferð barnanna sem við önnumst og mæta grunnþörfum þeirra. Langflestir vita að samtökin annast börn sem hafa misst foreldraumsjón en það lýsir bara á einfaldan hátt víðtækri starfsemi SOS. Svona starfa SOS Barnaþorpin í þágu barna.



Barnaþorp

Í SOS barnaþorpum fá munaðarlaus og yfirgefin börn staðgengil fyrir þá fjölskyldu sem þau hafa misst. Börnin eignast þar SOS-foreldri, fjölskyldu og heimili og búa þar þangað til þau eru orðin fullorðin og tilbúin til að takast á við lífið. Alls búa um 65.800 börn og ungmenni í 541 SOS barnaþorpi í 136 löndum.



Leikskólar

Venjulega sækja börn frá SOS Barnaþorpunum nærliggjandi leikskóla. Í löndum og á svæðum þar sem leikskólar eru ekki fyrir hendi eða eru metnir ófullnægjandi hafa SOS Barnaþorpin byggt sína eigin leikskóla. Þeir eru í dag 278 talsins og börnin 38.800. Þessir leikskólar eru opnir börnum frá SOS þorpunum sem og öðrum börnum úr nágrenni þorpanna.



Grunnskólar

Sé góður skóli ekki til staðar þar sem SOS barnaþorp er, reisum við grunnskóla fyrir börnin í þorpinu eða í nágrenni þess. SOS grunnskólarnir eru viðurkenndir af yfirvöldum hvers lands. Ef ekki er SOS grunnskóli í barnaþorpinu sækja börnin hverfisskólann ásamt börnunum í nágrenninu. 184,200 nemendur stunda nám í 200 SOS grunnskólum víða um heim.



Ungmennaheimili

Á unglingsárunum undirbúa SOS ungmennin sig fyrir fullorðinsárin. Þá flytja þau gjarnan yfir á sérstök ungmennaheimili þar sem unglíngarnir læra með aðstoð unglíngaráðgjafa að reka sitt eigið heimili samhliða námi. Ungmennin eru áfram í góðu sambandi við SOS foreldra sína. Þegar skyldunámi lýkur tekur við framhaldsnám eða starfsnám. Hjá SOS búa 18.400 ungmenni á 595 ungmennaheimilum.





Verknámsskólar

Verknámsskólarnir veita unglingum frá SOS barnaþorp-unum auk annarra ungmenna úr nágrenninu raunhæfa möguleika á starfi þegar námi lýkur og stuðla þannig að sjálfstæði þeirra. Oft eru skólarnir staðsettir þar sem atvinnuleysi er hátt og erfitt fyrir ungmenni að fá góða vinnu. Prófskríteini frá SOS verknámsskóla er því gulls ígildi fyrir ungt fólk í atvinnuleit. 17.500 ungmenni eru í 125 verknámsskólum SOS.



Fjölskylduefling

Markmið Fjölskyldueflingar SOS er að forða börnum frá aðskilnaði við illa stadda foreldra sína og hjálpa foreldrunum að mæta þörfum barnanna. Aðstoðin felst í að hjálpa sárafátækum barnafjölskyldum til sjálfbærni og sjálfstæðis.

Skjólstæðingar Fjölskyldueflingar SOS eru 400 þúsund manns í 580 verkefnum um heim allan. SOS á Íslandi fjármagnar eitt slíkt verkefni, í Eþíópíu þar sem skjólstæðingar okkar eru 1600 börn og 560 foreldrar þeirra. Styrktaraðilar SOS sem styrkja þessi verkefni nefnast Fjölskylduvinir.



Neyðaraðstoð og umbótaverkefni

SOS Barnaþorpin eru í grunninn ekki neyðarhjálparsamtök en oft verða hamfarir í nágrenni starfsstöðva SOS enda er útbreiðsla samtakanna mikil. Mikil þekking og reynsla hefur áunnist á löngum tíma innan raða SOS og því kemur ekki annað til greina en að hjálpa þegar hamfarir dynja yfir.

Samtökin standa líka fyrir ýmiskonar umbótaverkefnum, allt í þágu velferðar barna. Dæmi um slík verkefni sem SOS á Íslandi fjármagnar eru verkefni gegn kynferðislegri misneytingu á börnum í Tógó og atvinnuefling ungs fólks í Sómalíu og Sómalílandi. Svona verkefni eru fjármögnuð með stökum og frjálsum framlögum almennings og styrkjum frá utanríkisráðuneytinu.



Heilsugæslustöðvar

SOS Barnaþorpin hafa sett upp 75 heilsugæslustöðvar utan Evrópu í þeim tilgangi að hjálpa því fólki sem hefur lítinn eða engan aðgang að heilsugæslu. Markmið SOS stöðvanna er að auka gæði heilsugæslunnar á hverju svæði, tryggja mæðravernd, vinna að forvörnum með bólusetningum og fræðslu, draga úr ungbarnadauða, fæða vannærð börn og veita skyndihjálp.

Nær öll börn hjá SOS eru læs og skrifandi

Menntun er lykill að framförum og framtíðartækifærum barna og ungmenna. Þetta hafa SOS Barnaþorpinn haft að leiðarljósi í yfir 70 ár og í dag eru um 230 þúsund börn og ungmenni við nám í 375 menntastofnunum samtakanna.

Undanfarna tvo áratugi hefur læsi ungmenna á aldrinum 15-24 ára aukist á heimsvísu úr 83% upp í 91%. P.e.a.s. þeir sem geta lesið og skrifað sér til gagns (literacy) skv. upplýsingum UNESCO. Á þessum tíma hefur fjöldi í þessum aldurshópi sem eru ólæsir og óskrifandi, lækkað úr 170 milljónum niður í 115 milljónir ungmenna. Læsi er lægst í þróunarlöndunum og heldur hallar á ungar konur sem eru 59% ungmenna sem ekki eru læs og skrifandi.

93-98% læsi hjá SOS

Nýleg úttekt SOS sýnir að börn og ungmenni hjá SOS Barnaþorpinum eru langt yfir heimsmeðaltali þegar kemur að læsi. Hjá SOS hallar ekki á stúlkur enda er kynjajafnréttis gætt í einu og öllu. Læsi barna og ungmenna í barnaþorpum og fjölskylduefningu hjá SOS er á bilinu 93-98%.


4 MENNTUN FYRIR ALLA



HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA


Tryggja jafnan aðgang allra að góðri menntun og stuðla að tækifærum allra til náms alla ævi.

Læsi 9-15 ára barna hjá SOS



Læsi meðal 9.950 barna 9-15 ára í SOS barnaþorpum í 85 löndum utan Evrópu. Læsi meðal 30.969 barna 9-15 ára í SOS-fjölskylduefningu í 63 löndum utan Evrópu.

Læsi 15-24 ára ungmenna hjá SOS



Læsi meðal 8.593 ungmenna 15-24 ára í SOS barnaþorpum í 76 löndum utan Evrópu. Læsi meðal 12.134 ungmenna 15-24 ára í SOS-fjölskylduefningu í 63 löndum utan Evrópu.

„Barn frá Eþíópíu“ á hverju frístundaheimili

Nýtt samstarfsverkefni leit dagsins ljós á dögnum á milli SOS Barnaþorpanna og Frístundaheimila Tjarnarinnar. Tjörnin er frístundamiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða en innan Tjarnarinnar eru sjö frístundaheimili. Á hverju þeirra er eitt auka barn sem ekki á heima á Íslandi heldur í SOS barnaþorpinu í Makelle í Eþíópíu.

Börnin á frístundaheimilunum, sem eru á aldrinum 6-9 ára, hafa fengið það mikilvæga verkefni að hjálpa börnunum í barnaþorpinu að öðlast betra líf með því að gerast SOS-foreldrar þeirra. Á hverju ári halda frístundaheimilin jólamarkað þar sem foreldrar og aðrir velunnarar starfsins geta keypt jólaföndur sem börnin hafa útbúið. Allur ágóði af sölnunni rennur til barnanna þeirra í Eþíópíu.

Vilja bæta lífsgæði jafnaldra sinna í Eþíópíu



Steinunn Gretarsdóttir, deildarstjóri barnastarfs Tjarnarinnar, segir að börnunum á frístundaheimilum Tjarnarinnar sé mikið í mun að hjálpa börnunum í SOS barnaþorpinu að eignast öruggt og gott líf. „Þau eru

full af kærleika, umhyggju og góðvild og eiga auðvelt með að finna til samkenndar með börnum sem eru ekki jafn lánsöm og þau sjálf. Þau vilja þess vegna gera allt sem þau geta til að tryggja að þessi börn fái notið sömu réttinda og lífsgæða og þau sjálf,“ segir Steinunn.

Munurinn á Reykjavík og Eþíópíu

Frístundaheimili Tjarnarinnar fá fræðsluefni frá SOS Barnaþorpunum sem fjallar um börn í Eþíópíu, líf þeirra og aðstæður, menningu og hefðir. Með hjálp efnisins fá börnin tækifæri til að fræðast um jafnaldra sína í Eþíópíu og skoða hvað er líkt og hvað er ólíkt hjá þeim og börnunum hér á Íslandi. Tilgangurinn með verkefninu er að fræða börnin um Eþíópíu og líf barnanna þar í gegnum umræður, fræðslu, leiki og önnur verkefni. Um leið fá börnin fræðslu um réttindi barna, um þróunarsamvinnu og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Verkefnið er styrkt af utanríkisráðuneytinu.



TJÖRNIN
FRÍSTUNDA MIÐSTÖÐ
VESTURBÆR • MIÐBORG • HLÍÐAR



TAKK

**30.915 ÍSLENDINGAR
og 1.113 fyrirtæki
fyrir stuðninginn árið 2020**

Þetta eru 9,15% fjárráða einstaklinga á Íslandi.
Þetta köllum við að standa saman
í að gera heiminn betri.

Fréttablað SOS er fjáröflun

Gefðu stakt framlag á sos.is

Reikn. 0130-26-9049

Kennitala 500289-2529

eða hringdu í

907-1001 (1.000 kr) / 907-1002 (2.000 kr)



**SOS
BARNAPÖRPIN**

Öll börn vilja gott heimili